



## 343. fundur Afrekssjóðs ÍSí 11. nóvember 2025 kl. 12.10

### Mætt öll á Teams

Stjórn: Þórey Edda Elísdóttir formaður (ÞE), Stefán Jóhannesson (SJ), Daníel Jakobsson (DJ), Kári Mímísson (KM).

Fjarverandi: Birna Lárusdóttir (BL)

Aðrir: Kári Steinn Reynisson (KSR) sem ritaði fundargerð, Kristín Birna Ólafsdóttir Afrekssjóri ÍSí (KBÓ).

#### 1. Staða umsókna

KSR kynnti stöðu umsókna í ASJ vegna úthlutunar vegna ársins 2026. Öll sérsambönd sem hafa fengið úthlutun undanfarin ár, hafa skilað umsókn nema DSÍ.

Umsóknarferlið hefur gengið vel. AMÍ fundaði með tæplega 15 sérsamböndum og KSR hitti eða heyrði í um tíu sérsamböndum í umsóknarferlinu.

Heilt yfir voru sérsamböndin sátt með ferlið og skildu afstöðu ASJ um að breyta litlu í umsóknarferlinu en skoða ítarlegar viðmið og reglur á næsta ári.

#### 2. Verkefni Afrekssjóðs skv. reglugerðum

KSR kynnti stuttlega hver verkefni Afrekssjóðs væru skv. reglugerðum um nýjar sjóðaúthlutanir, Starfslaunasjóð afreksíþróttafólks og þjálfara og sjóð vegna landsliðspáttöku ungmenna.

#### 3. Úthlutun starfslauna íþróttafólks og þjálfara

KBÓ fór yfir tillögur AMÍ um úthlutanir til íþróttafólks.

Í Starfslaunasjóð afreksíþróttafólks bárust umsóknir frá 18 sérsamböndum fyrir alls 62 einstaklinga. Umsóknir fyrir þjálfara bárust frá 12 sérsamböndum fyrir 19 þjálfara.

Í tillögu fyrir afreksíþróttafólk eru 34 einstaklingar frá 15 sérsamböndum.

Í tillögu fyrir þjálfara eru fjórir einstaklingar frá fjórum sérsamböndum.

Ekki gafst tími til að yfirfara úthlutun til þjálfara.

Frekari umræðu um tillögurnar var frestað til næsta fundar.

#### 1. Önnur mál

Engin önnur mál.

Stefnt er að næsta fundi í vikunni. KSR finnur tíma.

Næsti fundur er svo fastsettur 17. nóv.

Fundi slitið kl. 13.10